

Veiðifélag Laxdæla

Aðalfundur

18. apríl 2023

Fundur haldinn í Veiðihúsinu Þrándargili kl 18:00

Fundinn sátu: F.h. Fjósa Einar Jón Geirsson, f.h. Hrappsstaða Svavar Jensson, f.h. Spágilsstaða Gísli Þórðarson, f.h. Goddastaða Sigmundur Sigmundsson, f.h. Lambastaða Einar Kristjánsson, f.h. Sámsstaða 1,2 og 3 Jón Steinar Eyjólfsson, f.h. Pálssels Ólafur Sveinsson, f.h. Lambeyra Skúli Einarsson, f.h. Svarfhóls Harald Óskar Haraldsson, f.h. Engihlíð Pálmi Jóhannsson, f.h. Leiðólfsstaða Bjarni Hermannsson, f.h. Hornstaða Ólafur Sveinsson, f.h. Höskuldsstaða Harald Óskar Haraldsson, f.h. Sauðhúsa Jón Egilsson, f.h. Hjarðarholts Björk Baldursdóttir, f.h. Grafar Katarínus Jónsson, f.h. Ás Sæmundur Jóhannsson, f.h. Saura Jofríður Benediksdóttir, f.h. Sólheima 1 Valdimar Einarsson, fyrir Sólheima 2 Susan og fyrir Gillastaði 2 Skúli Einarsson. Alls 23 atkv. gild á fundi.

1. Setning fundar

Ólafur Sveinsson bíður félagsmenn velkomna og setur aðalfund veiðifélagsins 2023.

2. Skipun fundarstjóri og fundarritara

Tillaga að Sveinn Gestsson stjórnaði fundi sem var samþykkt samhljóða. Tillaga að ritara Pálmi Jóhannsson sem var samþykkt samhljóða. Kjörbréf yfirfarin og samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.

Ólafur Sveinsson formaður tekur til máls.

Ég flyt hér skýrslu stjórnar um starfsemi Veiðifélags Laxdæla frá síðasta aðalfundi.

Starfsemi VL hefur verið í hefðbundnum farvegi að mestu leiti. Í vetur hefur verið haldið áfram með framkvæmdir sem hófust síðastliðin vetur, en lokið var að mestu leiti við þann hluta framkvæmda sem snúa að veiðimönnum, matasal, setustofu og eldhúsi. Það er mat flestra að vel hafi tekist til og góður rómur hefur verið gerður að breytingunum. Nú í vetur hefur verið haldið áfram með framkvæmdir og standa þær nú yfir í starfsmannaaðstöðu og kjallara þar sem útbúin verður m.a. nýtt rými fyrir vöðlugeymslu veiðimanna. Með þeim framkvæmdum sem nú standa yfir er verið að

stórbæta aðstöðu starfsmanna og bæta aðgengi milli efri hæðar og kjallara. Líklega verður ekki hægt að ljúka að fullu framkvæmdum fyrir veiðitíma, pallagerð o. fl. mun bíða næsta árs.

Kostnaður við framkvæmdir stendur í dag þegar þeim hluta sem stefnt er að því að ljúka í ár, er áætlaður um 150 mkr. Þá er eftir pallagerð og frágangur lóðar o.fl. Uppfærð kostnaðaráætlun var 135 mkr og frávik skýrist að mestu af kostnaðarhækkunum vegna verðbólgu.

Síðastliðið sumar veiddust 761 laxar í Laxá og samkvæmt veiðivefnum angling.is og þetta þýðir 127 veidda laxa á stöng. Töluverðar sveiflur voru í veiði á síðastliðnu ári, sérstaklega hér á Vesturlandi. Væntingar fyrir Laxá voru meiri en þessi niðurstaða segir, en niðurstaða seiðatalningar fyrir Laxá síðastliðið sumar var mjög jákvæð og þess er vænst að það muni skila sér í aukinni veiði næstu árin. Breytingar og sveiflur hafa verið í veiðitölum síðustu ár um allt land til hins verra og til eru þeir aðilar sem segja að hafa þurfi áhyggjur af norðuratlandshafslaxastofninum.

Veiðitölurnar, endurbætur og lagfæring á veiðihúsi ásamt áframhaldandi gerð og viðhald veiðistaða er mikilvægur þáttur í því að gera Laxá í Döllum að einni eftirsóttustu laxveiðiá landsins, sem er forsenda þess að hámarka arð til landeiganda. Þeir sérfræðingar á þessu sviði sem rætt er við, eru sammála um að Laxá hafi alla burði til að vera á top tíu lista laxveiðiáa á Íslandi.

Rekstur félagsins var í góðu jafnvægi á síðastliðnu ári og í samræmi við áætlanir, farið verður yfir rekstur félagsins hér á eftir.

Haldið verður áfram við að þróa nýja veiðistaði og lagfæra eldri í samráði við landeigendur. Þessi vinna er gríðarlega mikilvæg í að halda Laxá í efstu sætum yfir laxveiði í landinu og mættu landeigendur sýna meira frumkvæði og vera í sambandi við stjórnarmenn um hver afstaða þeirra er í þessu verkefni fyrir sínu landi. Sótt var um styrk úr Fiskræktarsjóði til þessa verkefnis eins og síðustu 2 árin, svar hefur ekki borist, en óháð því munum við sbr. rekstraráætlun sem kynnt verður á eftir framkvæmda eitthvað á þessu sviði.

Vinnu við nýja arðskrá er ekki lokið, þess er vænst skv. Upplýsingum frá formanni Arðskrárnefndar mun þeirri vinnu ljúki um mitt þetta ár.

Félagsmönnum verður send niðurstaðan þegar hún liggur fyrir.

Ekki hefur náðst niðurstaða í viðræðum við landeigendur Sólheima um

vatnsmiðlun.

Eins og félagsmönnum er kunnugt um hafa verið deilur um skiptingu arðs jarðanna Dönustaða og Lambeyra. Veiðifélaginu hefur verið blandað í það mál og það ásakað um að „fara ekki að lögum“, „setjast í dómarasæti“, „verja ekki hagsmuni allra landeiganda“ o.fl. Þetta mál og umfjöllun stjórnar hefur tekið all nokkurn tíma og starfsorku stjórnar. Það er alveg ljóst og það er sameiginleg niðurstaða stjórnar og ráðgjafa hennar sem leitað hefur verið til, að þetta mál á ekki að vera á borði Veiðifélags Laxdæla, heldur er þetta „innanbúðarmál“ fjölskyldnanna sem um þetta deila og verður væntanlega eingöngu leyst fyrir dómstólum og það án aðkomu veiðifélagsins.

Það er ekkert augljóst í niðurstöðu þessa máls, til eru álit sem vísa hvert í sína átt. Veiðifélag Laxdæla hefur greitt út arð með sama hætti síðan 1958 til þessara jarða og aldrei verið gerð athugasemd við það fyrir en í kjölfar nauðungasölu Lambeyra.

Af þessari ástæðu ákvað stjórn, þar sem ekkert haldbært er í höndum hennar, enda ekki í hennar verkahring að skera úr um þetta mál, það er dómstóla að gera það, að fá lögfræðing til að sitja þennan fund, Heiðar Ásberg Atlason hjá lögmannstofunni LOGOS, í þeim tilgangi að vera staðar til að útskýra og taka þátt í umræðum um þetta mál, sem við teljum að verði hér á eftir.

Stjórn VL hefur ákveðið að geymslugreiða arðgreiðslur til Lambeyra þar til niðurstaða fæst í þetta mál, vegna þess að ágreiningur er um þetta mál og þetta er í raun eina mögulega aðkoma Veiðifélag Laxdæla að þessu máli. Þetta mál hefur kostað VL fjármuni og umtalsverða vinnu og marg reynt að reyna að ná niðurstöðu. Mál er að linni og þeir aðilar sem þarna eiga hlut að máli gangi í að leysa þetta mál innbyrðis án aðkomu Veiðifélags Laxdæla. Ágætir félagsmenn höldum áfram að styrkja og bæta ána, takk fyrir.

Skúli Einarsson bað um orðið eftir skýrslu stjórnar.

Skúli Einarsson gerir miklar athugasemdir við ákvörðun stjórnar um að geymslugreiða arðgreiðslur til Lambeyra og gagnrýnir að hafa ekki fengið andmælarétt gagnvart ákvörðuninni. Jafnframt fullyrðir hann að ákvörðun stjórnar byggji á „leyniskjölum“ og fer fram á að fá að sjá þau.

4. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar og umræða um þá.

Jón Steinar fer yfir ársreikningana 2022 og eru þeir samþykktir samhljóða.

5. Rekstraráætlun

Jón Steinar tekur til máls, rekstraráætlun fyrir 2023 yfirfarin. Borið til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

6. Kosningar

Úr stjórn eiga að ganga Ólafur Sveinsson og Jón Egilsson. Báðir gefa kost á sér áfram og er það samþykkt samhljóða. Kosning varamanns Katarínus Jón Jónsson mun gefa kost á sér áfram og er það samþykkt samhljóða.

Kosning skoðunarmanna tillaga að Sæmundi Jóhannssyni og Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttir sem aðal skoðunarmenn og er það samþykkt samhljóða og Skúla Einarssyni sem varamanni. Jón Egilsson kosinn fulltrúi á fund Landssambands Veiðifélaga samhljóða.

7. Matarhlé

8. Staða framkvæmda í Þrándargili

Jón Steinar fer yfir stöðuna og upplýsir fundinn um gang mála. Kostnaður við framkvæmdir eru komnar lítilega yfir kostnaðaráætlun vegna efnahagsástands á landsvísu og hækkana á byggingaefni. Verkið er á tímaáætlun og verklok áætluð í byrjun júní.

9. Önnur mál

Valdimar Einarsson biður um orðið og óskar eftir bókun um framvísun eignarheimildar félagsmanns.

Dönustaðabúið og Sólheimar ehf gera þá kröfu að félagið fylgi alfarið ákvæðum 12. gr. 2. mgr. Lax og silungsveiðilaga um skráningu veiðiréttar og arðskrár félagsins samkvæmt 41. gr. 1. mgr. sömu laga.

Sönnun á atkvæðisrétti félagsmanna og jarða samkvæmt 40. gr. 5. mgr sömu laga sé jafnframt háð ákvæðum um 12. gr 2. mgr. Lax og silungsveiðilaga.

Til að uppfylla skyldur félagsins gagnvart lögum er félaginu skylt að krefja félagsmenn um veðbókarvottorð eða þinglýsingarvottorð til að leggja sönnur á eignarhald eða rétt til veiði, arðgreiðslna og atkvæðagreiðslu í félaginu.

Guðbjörn kveður til máls og þakkar stjórn fyrir vel unnin störf og góð framtíðarplön.

Fleira ekki gert Ólafur Sveinsson slítur fundi.

Stjórn Veiðifélags Laxdæla

Ólafur Sveinsson

Jón Steinar Eyjólfsson

Pálmi Jóhannsson

Harald Óskar Haraldsson

Jón Egilsson